

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. maí 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-36/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 20. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings við Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Snýst ágreiningur aðila um frárennslislagir við íbúðarhúsnæði og viðhald þeirra.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningur aðila snýst um viðhald frárennslislagna við íbúðarhúsnæði álitsbeiðanda og hvaða skilning skuli leggja í tiltekin ákvæði vatnalaga nr. 15/1923, sem og ákvæði laga nr. 9/2003 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, en ekki afhendingu á vatni í skilningi 1. mgr. 2. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Fellur ágreiningur aðila því ekki undir þjónustukaupalög, neytendukaupalög né lausafjárkaupalög. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér. Er rétt að benda á að skv. 22. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna sæta stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru skv. lögnum kæru til úrskurðarneftndar umhverfis- og auðlindamála.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir